

Nd.

569. Breytingartillaga

[7. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá sjávarútvegsráðherra.

Við 3. gr. b-liður orðast svo:

50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið sem hér segir:

- 1) 50% skal veitt til hagræðingar í fiskiðnaði og til þess að leysa sérstök staðbundin vandamál.

Lánin skulu einkum veitt til tæknilegrar hagræðingar, svo sem til véla-kaupa, endurnýjunar á vinnslurásum og til að koma upp kældum fiskmóttökum. Þar sem sérstaka nauðsyn ber til að tryggja atvinnuöryggi, koma í veg fyrir atvinnubrest eða ná fram hagkvæmari rekstrareiningum er þó einnig heimilt að veita lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja í fiskvinnslu.

- 2) 40% skal varið til að létta stofnfjáarkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra lána.
- 3) 10% skal renna í sérstakan sjóð til þess að greiða fyrir því, að útgerðaraðilar geti hætt rekstri úreltra fiskiskipa. Heimilt er að sameina þennan sjóð Aldurslagasjóði fiskiskipa og skal að því stefnt.